


# REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR - SKIPULAGSREGLUR



## SKÝRINGAR / SKILMÁLAR

### C. SVÆÐI MED HÆÐARTAKMÖRKUNUM (hindranafletir):

Á uppdráttum II. og III. er gerð grein fyrir hindranafötum flugvallarins sem fela í sér hæðartakmarkanir á hverskonar mannvirkjum eða gróði innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifasvæði flugvallarins. Með áhrifasvæði flugvallar og nágrenni flugvallar er átt við svæði undir hindranafötum. Byggja hindranafletir þessir og skilgreiningar þeirra á alþjóðlegum skuidbindingum (Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð um flugvelli nr. 464 frá 2007.






Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranaflet flugvallarins sem gerð er grein fyrir á uppdráttum II. og III, nema að fengnu samþykki Flugmálastjórnar Íslands að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins.

Eindum um slíkar undanþágur skal beina til rekstraraðila flugvallarins sem sendir erindið til endanlegrar afgreiðslu Flugmálastjórnar með umsögn sinni. Leita skal slíks samþykkis við gerð deiliskipulags. Skal deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir slíkum frávikum sent til umsagnar áður en tillegan er auglýst. Sé um einstaka byggingarleyfisumsókn að ræða, á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag, skulu aðaluppdráttir sendir til umsagnar þegar byggingarleyfisumsókn hefur verið lögð inn til byggingarfulltrúa. Rekstraraðili flugvallar getur óskað eftir sérstoku áhættumatni vegna slíkra undanþágubeiðna á kostnað umsækjanda.

Ef um tímabundna hindrun er að ræða er rekstraraðila flugvallarins heimilt að afgreiða málið án aðkomu Flugmálastjórnar. Flugmálastjórn skal þó ávallt tilkynnt um slíkar afgreiðslur. Hafni rekstraraðili flugvallar umsókn um tímabundna hindrun getur umsóknaraðili skotið slíki afgreiðslu til ákvörðunar Flugmálastjórnar.

Þar sem land stendur nú þegar upp úr hindranaflet, þrátt fyrir framangreint heimilt, að gera ráð fyrir og reisa byggingar með hámarks hæð allt að 18m upp fyrir óhreyft land. Ef hæð lóðar er mismunandi skal miðað við óhreyft land í hæsta punkti lóðar. Gert er ráð fyrir að slíki - ar byggingar séu hindranafletir. Séu fleiri en ein bygging sem þannig hálta til um á sama svæði skal hæsta bygging á svæðinu vera með hindranafletir. Flugmálastjórn getur krafist lýsingar á fleiri byggingar leiðir staðsetningu þeirra varða flugryggi. Þegar svæði sem þessi eru skipulögð eða þegar ætlunin er að veita byggingarleyfi á slíkum svæðum án þess að fyrir liggja skipulag eða á grundvelli skipulags þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þessara reglna, skal þó ávallt leita umsagnar rekstraraðila flugvallarins. Sé umsögn rekstraraðila flugvallarins neikvæð skal hann beina erindinu til afgreiðslu Flugmálastjórnar.

Hindranafletir skiptast í eftirfarandi flokka:

-  **ADFLUGSFLETIR:**  
Hallandi fletir út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 300 m sem byrjar 60 metrum frá brautarendu og gleikkar út um 15% (1:6.67). Halli flatarins er 2% (1:50) fyrstu 3.000 metrana síðan 2.5% (1:40) næstu 3.600 m, síðan kemur láréttur flötur sem nær 8.000 m. Samtals er flöturinn 15.000 m langur.
-  **FLUGTAKSFLETIR:**  
Hallandi fletir út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar 60 metrum frá brautarendu og gleikkar út um 12,5% (1:8) þar til breidd hans er orðin 1.200 m þá eykst breiddin ekki frekar, heildarlengd flatarins er 15.000 m. Halli flatarins er 2,0 % (1:50)
-  **SKÁFLETIR:**  
Liggja út frá öryggissvæðum til hliðar við brautir og enda við aðflugsfleti, halli 14,3 % (1:7) frá brún öryggissvæðis og upp að láréttu flötunum
-  **LÁRÉTT SVÆÐI:**  
Svæði 55 m.y.s. sem nær í 4.000m radius út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.
-  **KEILUFLÖTUR:**  
Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útrún láréttu svæðisins og nær 100 m upp fyrir hann.